

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
2. fundur 2025 (133. fundur)
KA/VHV/BE

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 10. apríl 2025 kl. 08:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum að Skógarbraut 945 á Ásbrú.

Viðstaddir:

Karl Alvarsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Margrét Lilja Margeirsdóttir	"
Vala Hrönn Viggósdóttir	"
Jón B. Guðnason	"
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi

1. Ný skipulagsnefnd skipuð af innviðaráðherra

Ný skipan skipulagsnefndarinnar samkvæmt skipunarbréfum frá innviðaráðherra dags. 24. mars 2025. Tveir nýir aðalfulltrúar sitja í skipulagsnefndinni, sem eru Karl Alvarsson formaður og Vala Hrönn Viggósdóttir frá innviðaráðuneyti. Aðrir endurskipaðir aðalfulltrúar eru Einar Jón Pálsson, Margrét Lilja Margeirsdóttir, Jón B. Guðnason. Starfsmaður nefndarinnar er Björn Ingi Edvardsson. Ritari skipulagsnefndar verður frá og með næsta fundi, Friðfinnur Skaftason frá innviðaráðuneyti.

Fyrirkomulag funda verður óbreytt varðandi að boða varfulltrúa til fundar í þeim tilvikum þegar aðalfulltrúi forfallast. Áfram munu aðal-og varafulltrúar fá fundarboð til að þeir séu upplýstir um næsta fund.

2. Endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar, vinnslutillaga - Hávaði og vindgreining, Efla minnisblað dags. 21. febrúar 2025.

Umræða var um NA/SV flugbraut og skilgreiningu fyrir flugvallarsvæði á Demantssvæði í samræmi við drög að vinnslutillögu fyrir endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar.

Erindi hefur verið sent innviðaráðuneyti en afstaða ráðuneytisins hafi ekki borist skipulagsnefndinni. Formaður ætlar að óska eftir fundi með ráðuneytinu í þeim tilgangi að vinna að framgangi erindisins og fá fram afstöðu ráðuneytisins til málsins.

Fjallað var um mikilvægi uppbyggingar á svæðinu og þörfina á nýrri flugbraut. Ný flugbraut væri þegar á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar.

Lagt var fram á fundinum og farið yfir uppfært minnisblað Eflu verkfræðistofu varðandi vindafar og hljóðvist eins og skipulagsnefndin óskaði eftir, þar sem m.a. skipulagsnefndin hafði viðrað áhyggjur sínar af áhrifum bygginga á fyrirhuguðu Demantssvæði á vindafar við brautarenda og hávaða.

Niðurstöður í minnisblaði Eflu gefa til kynna að út frá gefnum forsendum, þ.e. byggingarmagni, stærð, lögun og staðsetningu bygginga, þá er hæð og form bygginga ásættanlegt fyrir dreifingu á hljóðvist í átt að íbúðarbyggð og áhrif á vindafar á flugbrautarendum 19 og 28.

Skipulagsnefndin leggur til að vinnslutillagan verði uppfærð fyrir endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar þannig að tekið verði tillit til þessara atriða varðandi hávaða og vindafar.

3. Framtíðartengingar rafstrengja út í Helguvík. Fundir með Landsneti

Minnisblað frá Landsneti var kynnt á síðasta fundi skipulagsnefndarinnar – um möguleg áform um frekari tengingar út í Helguvík með rafstrengi. Haldnir hafa verið tveir vinnufundur síðan milli Landsnets og Isavia og er gott samstarf beggja aðila um verkefnið.

Skipulagsnefndin áréttar að mikilvægt sé að endurskoðað aðalskipulag taki mið af plássþörf vegna verkefnisins. Á fyrrnefndum vinnufundum hafa mögulegar útfærslur, þarfir og snið á strengleiðum út í Helguvík meðfram flugvallarsvæðinu verið ræddar og það eru áformaðir frekari vinnufundir um málið. Uppfæra þarf vinnslutillögu aðalskipulagsins t.a.m. varðandi þetta verkefni þegar frekari botn er kominn í málið.

4. Deiliskipulag vestursvæðis Keflavíkurflugvallar. Fálkavöllur 13

Lagður er fram deiliskipulagsuppdráttur Hornsteina arkitekta, dags. 12.02.2025, varðandi deiliskipulagsbreytingu fyrir lóðina Fálkavöllur 13. Um er að ræða stækkun á byggingareit og aukningu á byggingarmagni á lóð. Nýtingarhlutfall er aukið lítillega úr 0,47 í 0,50.

Skipulagsnefndin samþykkir að deiliskipulagstillagan verði grenndarkynnt fyrir hagaðilum á svæðinu í samræmi við ákvæði 44.gr skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsnefndin heimilar jafnframt að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, skv. 44. grein skipulagslaga, mgr. 3 hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn, eða staðfestingu í tölvupósti til skipulagsfulltrúa, áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd.

5. Deiliskipulag Norð-Austursvæðis Keflavíkurflugvallar. Lóðir fyrir varaafsstöð og neyðarkyndistöð við Pétursvöll

Lagður er fram deiliskipulagsuppdráttur Hornsteina arkitekta, dags. 21.03.2025, varðandi deiliskipulagsbreytingu til að skilgreina nýja 900 m² lóð fyrir varaafsstöð með viðeigandi tækja- og tengibúnaði og nýja 1.200 m² lóð fyrir neyðarkyndistöð með viðeigandi tækja- og tengibúnaði. Þörf er á deiliskipulagsbreytinginni til að hægt sé að fá útgefið byggingarleyfi, en forsendan fyrir stöðunum er óvissa í orkumálum tengt jarðhringum og eldsumbrotum á Reykjanesskaga. Lóðin Pétursvöllur 34 fellur að sama skapi niður sem og heimild um að reisa aðkomuhús og þjónustuhlið.

Skipulagsnefndin samþykkir að skipulagstillagan verði auglýst í samræmi við ákvæði 43.gr skipulagslaga nr. 123/2010.

6. Svæðisskipulag Suðurnesja, fulltrúi skipulagsnefndar

Tilnefna þarf nýjan aðila í svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja þar sem Guðmundur Björnsson hefur látið af störfum.

Skipulagsnefnd tilnefnir Karl Alvarsson formann í svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja. Skipulagsfulltrúa falið að upplýsa svæðisskipulagsnefndina um þá tilnefningu.

7. Aðaltorg M12, aðalskipulagsbreyting. Beiðni um umsögn frá Reykjanesbæ

Skipulagsnefnd barst umsagnarbeiðni varðandi aðalskipulagsbreytingu, en frestur til að gera athugasemdir rann út 30. mars sl. Í breytingunni felst að skipulagssvæðið er stækkað og íbúðum fjölgað um 450 á svæðinu.

Skipulagsnefndin vísar til fyrri afstöðu sinnar að fyrirhuguð íbúðabyggð er nálægt flugstefnu og verður að gera ráð fyrir hávaða vegna flugs nálægt byggðinni. Enn fremur er vakin athygli á að uppbygging í þessu mæli eykur álag á Reykjanesbraut til muna.

Fulltrúi Reykjanesbæjar vék af fundi við afgreiðslu málsins.

8. Athafnasvæði AT12, aðalskipulagsbreyting. Beiðni um umsögn frá Reykjanesbæ

Skipulagsnefnd barst umsagnarbeiðni varðandi aðalskipulagsbreytingu, en frestur til að gera athugasemdir rann út 9. mars sl. Í breytingunni felst að byggingarmagn á skipulagssvæðinu er aukið úr 120.000 m² í 283.500 m².

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemd við aðalskipulagsbreytinguna.

Fulltrúi Reykjanesbæjar vék af fundi við afgreiðslu málsins.

9. Þotugildrur við núverandi flugbrautir, umsókn um framkvæmdaleyfi

Umsókn fh. LHG og NSPA um framkvæmdaleyfi fyrir uppsetningu á þotugildrum hefur borist skipulagsnefnd, dags. 24.02.2025. Verkefnið snýr að endurnýjun á fjórum þotugildrum, einni á hverri braut á Keflavíkurflugvelli og á sama tíma er fyrirhugað að fjarlægja fjórar eldri gildrur sem voru byggðar fyrir um 40 árum síðan.

Framkvæmdir voru áætlaðar að hefjast í vor en framkvæmdum við fyrstu þotugildruna á vesturenda AV-flugbrautar (RWY10) hefur verið slegið á frest í ljósi þess að undirbúningur og hönnun hefur dregist um nokkra mánuði og hefur stýrihópur um verkefnið tilkynnt að ekki verði mögulegt að tryggja framgang verkefnisins í sumar. Þess í stað er áformað að verkefnið hefjist í maí 2026.

Þó í ljósi þess að framkvæmdum hefur verið slegið á fresti í bili, þá heimilar skipulagsnefndin skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi. Rétt er þó að árétta að í 14.gr. í reglugerð um framkvæmdaleyfi kemur fram að leyfið fellur úr gildi hafi framkvæmd ekki hafist innan tólf mánaða frá útgáfu þess, jafnframt að stöðvist framkvæmdin í eitt ár eða lengur þá getur leyfisveitandi felld framkvæmdaleyfið úr gildi.

10. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 8. maí 2025.

Fundarritun þessa fundar var unnin af VHV/ BE í samráði við formann.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>